

Svar

fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Andrési Inga Jónssyni um tekjur af auðlegðarskatti.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hve miklum tekjum má ætla að auðlegðarskattur hefði skilað fyrir tekjuárin 2021–2022 og myndi skila fyrir tekjuárið 2023 ef hann hefði verið lagður á með sama hætti og var vegna eignastöðu tekjuárið 2013 og ef viðmið auðlegðarskattstofns hefðu fylgt verðlagi? Svar óskast sundurliðað eftir árum og sýni þróun og ætlaða þróun skattstofns annars vegar og skatttekna hins vegar á verðlagi yfirstandandi árs. Jafnframt er óskað eftir því að skattstofn tekjuársins 2013 og skatttekjur gjaldársins 2014 verði sundurliðaðar með sama hætti á verðlagi yfirstandandi árs.

Auðlegðarskattur var lögfestur í lok árs 2009 sem tímabundinn eignarskattur, álagður án tillits til arðs eða tekna, til tekjuöflunar fyrir ríkissjóð. Auðlegðarskattur var lagður á nettóeign framteljanda, þ.e. allar eignir að frádrögnum öllum skuldum. Auðlegðarskatturinn rann sitt skeið og var síðast lagður á við álagningu opinberra gjalda á einstaklinga árið 2014 miðað við hreina eign einstaklinga í lok tekjuársins 2013, í samræmi við ákvæði til bráðabirgða í lögum um tekjuskatt.

Þegar auðlegðarskattur var síðast lagður á giltu eftirfarandi reglur:

1. Af auðlegðarskattstofni einstaklings að 75 millj. kr. og samanlögðum auðlegðarskattstofni hjóna að 100 millj. kr. var ekki greiddur skattur.
2. Af auðlegðarskattstofni yfir 75 millj. kr. að 150 millj. kr. hjá einstaklingi og af samanlögðum auðlegðarskattstofni hjóna yfir 100 millj. kr. að 200 millj. kr. voru greidd 1,5% af nettóeign.
3. Af því sem umfram var 150 millj. kr. hjá einstaklingi og 200 millj. kr. af samanlögðum auðlegðarskattstofni hjóna voru greidd 2% af nettóeign.

Að auki var lagður á viðbótarauðlegðarskattur en hann var lagður á skattstofn sem var mismunur á nafnverði og raunvirði hlutabréfa í eigu framteljanda í lok árs 2009, 2010, 2011 og 2012 miðað við stöðu félags samkvæmt skattframtali þess á árunum 2010, 2011, 2012 og 2013. Við álagningu gjaldárin 2013 og 2014 var viðbótarauðlegðarskattur 1,5% af skattstofni á bilinu 75 millj. kr. að 150 millj. kr. hjá einstaklingum og á bilinu 100 millj. kr. að 200 millj. kr. hjá hjónum, en 2% af skattstofni yfir þessum mörkum.

Við vinnslu fyrirspurnarinnar sendi ráðuneytið gagnabeiðni til Skattsins og byggist svarið á þeim gögnum. Upplýsingarnar byggjast á reiknuðum stofni og skatti miðað við núverandi stöðu í kerfum Skattsins. Í gögnunum eru allir framteljendur á álagningarskrá og eru handreiknaðir meðtaldir.¹ Vert er að hafa í huga að langt er um liðið frá því að auðlegðarskattur var lagður á og hefur upplýsingaöflun Skattsins verið breytt í samræmi við breytingar á

¹ Handreiknaðir eru þeir sem hafa af einhverjum ástæðum afbrigðilegt framtal, svo sem þeir sem flytjast til landsins á miðju ári eða dveljast hluta af ári hér á landi og þeir sem falla undir tvísköttunarsamninga.

álögðum sköttum á hverjum tíma. Skatturinn býr þar af leiðandi ekki yfir öllum þeim upplýsingum sem lagðar voru til grundvallar útreikningi áður. Upplýsingar til útreiknings viðbótaraudlegðarskatts liggja ekki fyrir þau ár sem hann var ekki í gildi. Svárið byggist á áætluðum forsendum og endurreiknuðum skatti fyrir umbeðin ár, eftir bestu vitund miðað við þær upplýsingar sem Skatturinn býr yfir.

Eftirfarandi tafla sýnir reiknaðan auðlegðarskattstofn, auðlegðarskatt og viðbótaraudlegðarskatt á verðlagi þessa árs í millj. kr., miðað við ef viðmið auðlegðarskatts hefðu þróast með vísitölu neysluverðs.

Tekjuár	Stofn	Skattur	Viðbót
2013	4.060.456	9.598	8.349
2014	4.320.468	10.289	-
2021	8.130.725	28.882	-
2022	9.390.439	33.807	-
2023	10.107.181	36.916	-

Eftirfarandi tafla sýnir hver viðmiðunarmörk auðlegðarskatts væru á verðlagi í júlí 2024 í millj. kr.

Tekjuár	Hjúskapur	Viðmiðunarmörk 1	Viðmiðunarmörk 2
2023	Einstaklingar	115	307
	Samskattaðir	153	307